

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 22. apríl 1986

um breytingu á tilteknum tilskipunum um markaðssetningu fræja og jurta vegna aðildar Spánar og Portúgals

(86/155/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽¹⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Ráðið hefur sett reglur um markaðssetningu á fræi og fjölgunarefni í ýmsum tilskipunum.

Að því er Portúgal varðar hafa verið settar aðlögunarreglur á þessu sviði í lögum um aðild Spánar og Portúgals.

Að því er Spán varðar ber að breyta eftirfarandi tilskipunum í samræmi við viðmiðunarreglurnar sem ákveðnar voru í samningaviðræðum um aðild:

- Tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fóðurjurtafræja ⁽²⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 3768/85 ⁽³⁾,
- Tilskipun ráðsins 66/402/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns ⁽⁴⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 3768/85,
- Tilskipun ráðsins 68/193/EBE frá 9. apríl 1968 um markaðssetningu efnis fyrir kynlausa fjölgun vínviðar ⁽⁵⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 3768/85,

— Tilskipun ráðsins 69/208/EBE frá 30. júní 1969 um markaðssetningu olíu- og trefjajurtafræja ⁽⁶⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 3768/85,

— Tilskipun ráðsins 70/457/EBE frá 29. september 1970 um sameiginlega skrá yfir stofna nytjajurta í landbúnaði ⁽⁷⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 3768/85,

— Tilskipun ráðsins 70/458/EBE frá 29. september 1970 um markaðssetningu matjurtafræja ⁽⁸⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 3768/85.

Klógresi, kanarígras, dúrra, afríkudúrra, safranfífill, tröllakúrbítur og salatþistill eru mikilvægar tegundir í bandalaginu eftir stækkun þess fyrir ræktun í landbúnaði eða garðyrkju og því ber að fella þær undir gildissvið umræddra tilskipana.

Til að Konungsríkið Spánn geti gert nauðsynlegar ráðstafanir til að koma á kerfi fyrir lögboðna vottfestingu á stofnum fræja af refasmára, fóðurkáli og fóðurhredkum skal því heimilað, þegar um þessi fræ er að ræða, að fresta beitingu ákvæða tilskipunar 66/401/EBE um að einungis megi markaðssetja fræ sem hefur verið opinberlega vottfest sem „stofnfræ“ eða „vottað fræ“.

Vegna eftirspurnar eftir baðmullarfræi í bandalaginu eftir stækkun þess verður að breyta tilskipun 69/208/EBE þannig að leyfilegt verði að markaðssetja vottað baðmullarfræ af öðrum ættlið.

Til að Konungsríkið Spánn geti gert nauðsynlegar ráðstafanir til að laga ræktun og markaðssetningu á fræi og fjölg-

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. C 68, 24. 3. 1986.

⁽²⁾ Stjútíð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2298/66.

⁽³⁾ Stjútíð. EB nr. L 362, 31. 12. 1985, bls. 8.

⁽⁴⁾ Stjútíð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2309/66.

⁽⁵⁾ Stjútíð. EB nr. L 93, 17. 4. 1968, bls. 15.

⁽⁶⁾ Stjútíð. EB nr. L 169, 10. 7. 1969, bls. 3.

⁽⁷⁾ Stjútíð. EB nr. L 225, 12. 10. 1970, bls. 1.

⁽⁸⁾ Stjútíð. EB nr. L 225, 12. 10. 1970, bls. 7.

unarefni að kröfum sem settar eru fram í sameiginlegri skrá bandalagsins yfir stofna skal því veitt heimild til að fresta beitingu tiltekinna ákvæða um innlendar skrár yfir vínviðar-

stofna, sameiginlega skrá yfir stofna nytjajurta í landbúnaði og sameiginlega skrá yfir stofna matjurta, annaðhvort í heild eða með tilliti til tiltekinna tegunda.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 66/401/EBE:

1. Í a-lið A-hluta 1. mgr. 2. gr. bætist við

— „ <i>Cynodon dactylon</i> (L.) Pers.	klógresi“
á eftir	
„ <i>Arrhenatherum elatius</i> (L.) Beauv. ex. J. et K. Presl.	ginhafrar“
— og	
„ <i>Phalaris aquatica</i> L.	hnúðstrandreyr“
á eftir	
„ <i>Lolium × hybridum</i> Hausskn	rýgresisblendingur“.

2. Í 3. gr. bætist við eftirfarandi málsgrein:

„1a. Konungsríkinu Spáni er heimilt til 31. desember 1989, í samræmi við málsmeðferð 21. gr., að kveða á um undanþágur frá 1. mgr. þegar um er að ræða fræ af *Medicago sativa*, *Brassica oleracea* convar. *acephala* og *Raphanus sativus*.“

3. Í A-hluta 2. mgr. I. hluta II. viðauka komi eftirfarandi línur, sú fyrri á eftir „*Arrhenatherum elatius*“ og sú síðari á eftir „*Lolium × hybridum*“:

	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15
og „ <i>Cynodon dactylon</i>		70(a)		90	2,0	1,0	0,3	0,3				0	0 (j) (k)	2	“
„ <i>Phalaris aquatica</i> L.		75(a)		96	1,5	1,0	0,3	0,3				0	0 (j) (k)	20	“

4. Í A-hluta 2. mgr. II. hluta II. viðauka komi eftirfarandi línur, sú fyrri á eftir „*Arrhenatherum elatius*“ og sú síðari á eftir „*Lolium × hybridum*“:

	1	2	3	4	5	6	7	8
og „ <i>Cynodon dactylon</i>		0,3	20(a)	1	1	1		(j)“
„ <i>Phalaris aquatica</i> L.		0,3	20	5	5	5		(j)“

5. Í III. viðauka komi eftirfarandi línur, sú fyrri á eftir „*Arrhenatherum elatius*“ og sú síðari á eftir „*Lolium × hybridum*“:

	1	2	3	4
og „ <i>Cynodon dactylon</i>		10	50	5“
„ <i>Phalaris aquatica</i> L.		10	100	50“

2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 66/402/EBE:

1. Í A-hluta 1. mgr. 2. gr. bætist við

„ <i>Sorghum bicolor</i> (L.) Moench	dúrri
<i>Sorghum sudanese</i> (Piper.) Stapf	afríkudúrri“
á eftir „ <i>Secale cereale</i> L.	rúgur“.

2. Í 1. mgr. B-hluta 2. gr. bætist við „og *Sorghum* spp.“ á eftir orðinu „maís“.
3. Í 1. mgr. D-hluta 2. gr. bætist við „*Sorghum* spp.“ á eftir orðinu „maís“.
4. Í 2. mgr. E-hluta 2. gr. bætist við „*Sorghum* spp.“ á eftir orðinu „kanarígras“.
5. Í 2. mgr. I. viðauka bætist eftirfarandi við á undan töflunni: „og, einkum þegar um dúrru er að ræða, með tilliti til fjarlægðar til villidúrru“.
6. Í töfluna í 2. mgr. I. viðauka bætist eftirfarandi við á undan „Maís (*Zea mays* L): „*Sorghum* spp. 300 m“.
7. Í fyrstu og aðra málsgrein 3. tölul. I. viðauka og í upphafsorðum þriðju málsgreinar bætist við „*Sorghum* spp. og“ alls staðar á undan orðunum „*Zea mays*“.
8. Við þriðju málsgrein 3. tölul. I. viðauka bætist eftirfarandi við sem C-hluti:
„C. *Sorghum* spp.:
- a) Hundraðshluti af fjölda jurta af annarri dúrrutegund en þeirri sem verið er að rækta og jurta sem samsvara greinilega hvorki skyldleikaræktuðu línunni né þættinum má ekki vera hærri en:
- aa) við ræktun stofnfræs:
- i) í blóma: 0,1 %,
- ii) þroskað: 0,1 %;
- bb) við ræktun vottaðs fræs
- i) fyrir jurtir með karlþátt sem hafa gefið frá sér frjó þegar jurtir með kvenþátt hafa móttækilegar frænur: 0.1%
- ii) fyrir jurtir með kvenþátt
- í blóma: 0,3 %,
- þroskaðar: 0,1 %;
- b) Uppfylla skal eftirfarandi staðla eða önnur skilyrði við ræktun vottaðs fræs:
- aa) jurtir með karlþátt skulu gefa frá sér nægilegt magn frjóa á meðan jurtir með kvenþátt eru í blóma;
- bb) þegar jurtir með kvenþátt hafa móttækilegar frænur skal hundraðshluti jurta með þennan þátt sem hafa losað frjó eða eru að losa frjó ekki vera hærri en 0,1%“.
9. Í b-lið B-hluta 5. mgr. I. viðauka bætast við orðin „*Sorghum* spp. og“ alls staðar á undan „*Zea mays*“.
10. Í fyrsta og annan málslið 1. mgr. II. viðauka bætist við „*Sorghum* spp. og“ alls staðar á undan orðunum „*Zea mays*“.
11. Í B-hluta 1. mgr. II. viðauka bætist við „*Sorghum* spp. og“ alls staðar á undan orðunum „*Zea mays*“.
12. Í A-hluta 2. mgr. II. viðauka bætist eftirfarandi við á eftir „*Secale cereale*“:

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
„ <i>Sorghum</i> spp.	80	98	0“						

13. Í III. viðauka bætist eftirfarandi við á eftir *Oryza sativa*:

1	2	3	4
„ <i>Sorghum</i> spp.	10	1 000	900“

14. Við 5. lið a-liðar A-hluta IV. viðauka bætast við orðin „og sorghum spp.“

15. Í 9. lið a-liðar A-hluta IV. viðauka falli orðin „af maís“ niður.

3. gr.

Við 5. gr. tilskipunar 68/193/EBE bætist eftirfarandi málsliður:

„að því er Konungsríkið Spán varðar komi „28. febrúar 1986“ í stað „31. desember 1971“ sem um getur hér að framan.“

4. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 69/208/EBE:

1. Í a-lið 1. mgr. 2. gr. bætist við

„ <i>Carthamus tinctorius</i> L. „	safranffill
á eftir	
<i>Cannabis sativa</i> L.	hampur
2. Í 1. mgr. C-hluta 2. gr. bætist „safranffill“ við á eftir orðinu „sérbylishampjurt“.
3. Í 1. mgr. C-hluta 2. gr. falli orðið „baðmull“ niður.
4. Í 1. mgr. D-hluta 2. gr. bætist við orðið „baðmull“ á eftir „sojabaun“.
5. Í 1. mgr. E-hluta 2. gr. bætist við orðið „baðmull“ á eftir „sojabaun“.
6. Í 1. mgr. 3. gr. bætist við „*Carthamus tinctorius* L.“ á eftir orðunum „*Cannabis sativa* L.“.
7. Í 1. dálki töflunnar í 2. mgr. I. viðauka bætist við „*Carthamus tinctorius*“ á eftir orðunum „*Cannabis sativa* nema sambýlishampjurt“.
8. Í 3. mgr. I. viðauka bætist við „*Carthamus tinctorius*“ á eftir „*Cannabis sativa*“.
9. Í A-hluta 2. mgr. I. hluta II. viðauka bætist eftirfarandi við á eftir „*Cannabis sativa*“:

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12
„ <i>Carthamus tinctorius</i> “	75	98	—	5	0	0 (c)					(e)“

10. Í III. viðauka bætist eftirfarandi eftir „*Cannabis sativa*“:

1	2	3	4
„ <i>Carthamus tinctorius</i> “	10	900	900“

5. gr.

Raphanus sativus ssp. *oleifera* og
Arachis hypogaea“.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 70/457/EBE:

1. Við 3. mgr. 3. gr. bætist eftirfarandi málsliður:

„Að því er varðar Konungsríkið Spán breytast dagsetningarnar 1. júlí 1972 og 30. júní 1980, sem um getur í fyrsta málslið, í 1. mars 1986 og 31. desember 1990 að því er varðar eftirtaldar tegundir:

Agrostis stolonifera
Agrostis tenuis
Phleum pratense
Poa pratensis
Hedysarum coronarium
Lotus corniculatus
Lupinus angustifolium
Lupinus luteus
Onobrychis viciifolia
Trifolium alexandrinum
Trifolium pratense
Vicia villosa
Brassica napus var. *napobrassica*
Brassica oleracea convar. *acephala*

2. Við 1. mgr. 15. gr. bætist eftirfarandi málsliður:

„Að því er Konungsríkið Spán varðar komi „1. mars 1986“ í stað „1. júlí 1972“ sem um getur í fyrsta málslið að því er varðar aðra stofna en þá sem eru opinberlega skráðir í skrá þess aðildarríkis 1. mars 1986 og líka skráðir á þeim degi í skrá eins eða fleiri af ríkjunum tíu, með fyrirvara um sérstök ákvæði um tilteknar tegundir sem um getur í öðrum og þriðja málslið 5. mgr.“

3. Við 16. gr. bætist eftirfarandi málsliður:

„Að því er Konungsríkið Spán varðar komi „1. mars 1986“ í stað „1. júlí 1972“ sem um getur í fyrsta málslið.“

4. Við 17. gr. bætist eftirfarandi málsliður:

„Að því er Konungsríkið Spán varðar komi „1. mars 1986“ í stað „1. júlí 1972“ sem um getur í fyrsta málslið.“

6. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 70/458/EBE:

1. Í A-hluta 1. mgr. 2. gr. bætist

„Cucurbita maxima Duchesne	tröllakúrbítur“
á eftir	
„Cucumis sativus L.	gúrka“
og	
„Cynara cardunculus L.	salatþistill“
eftir	
„Cucurbita pepo L.	mergja“.

2. Í b-lið F-hluta 1. mgr. 2. gr. bætist „tröllakúrbítur“ við á eftir orðinu „vatnsmelóna“.

3. Við 1. mgr. 9. gr. bætist eftirfarandi málsliður:

„Að því er Konungsríkið Spán varðar komi „1. mars 1986“ og „31. desember 1988“ í stað „1. júlí 1972“ og „30. júní 1975“ sem um getur í fyrsta málslið hvað snertir eftirfarandi tegundir:

Apium graveolens
Beta vulgaris var. *esculenta*
Brassica oleracea
Cichorium endivia
Cucurbita pepo
Petroselinum endivia crispum
Phaseolus coccineus
Raphanus sativus
Scorzonera hispanica“.

4. Við 2. mgr. 9. gr. bætist eftirfarandi málsliður:

„Að því er Konungsríkið Spán varðar komi „1. mars 1986“ og „31. desember 1993“ í stað „1. júlí 1972“ og „30. júní 1980“ sem um getur í fyrsta málslið að því er varðar tegundirnar sem um getur í síðasta málslið 1. mgr.“

5. Við 3. mgr. 9. gr. bætist eftirfarandi málsliður:

„Að því er Konungsríkið Spán varðar komi „1. mars 1986“ og „31. desember 1988“ í stað „30. júní 1975“ og „1. júlí 1972“ sem um getur hér að framan hvað snertir tegundirnar sem um getur í síðasta málslið 1. mgr.“

6. Við 1. mgr. 12. gr. bætist eftirfarandi málsliður:

„Að því er Konungsríkið Spán varðar komi „1. mars 1986“ í stað „1. júlí 1970“ sem um getur í öðrum málslið.“

7. Við 4. mgr. 16. gr. bætist eftirfarandi málsliður:

„Að því er Konungsríkið Spán varðar komi „1. mars 1986“ í stað „1. júlí 1972“ sem um getur í fyrsta málslið.“

8. Við 2. mgr. 26. gr. bætist eftirfarandi málsliður:

„Að því er Konungsríkið Spán varðar komi „1. mars 1986“ í stað „1. júlí 1970“ sem um getur í fyrsta málslið.“

9. Í a-lið 3. mgr. II. viðauka komi eftirfarandi línur, sú fyrri á eftir *Cucumis sativus* og sú síðari á eftir *Cucurbita pepo*:

„Cucurbita maxima	98	0,1	80“
og			
„Cynara cardunculus	96	0,5	65“.

10. Í 2. mgr. III. viðauka komi eftirfarandi línur, sú fyrri á eftir *Cucumis sativus* og sú síðari á eftir *Cucurbita pepo*:

„Cucurbita maxima		250“
og		
„Cynara cardunculus		50“.

7. gr.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að:

- ákvæðum 2. mgr. 1. gr., 3. gr., 3., 4. og 5. mgr. 4. gr., 5. gr. og 3. til 8. mgr. 6. gr. frá 1. mars 1986,
- öðrum ákvæðum tilskipunarinnar eigi síðar en 1. júlí 1987 og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

8. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 22. apríl 1986.

Fyrir hönd ráðsins,

H. van den BROEK

forseti.